



## Fundargerð

467. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps, aukafundur

Þriðjudaginn 4. maí 2021, kl. 15.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir (ÁHH), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDBJ), Ingimar Ingimarsson (II), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) og Karl Kristjánsson (KK). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Gestur á fundinum var Jóhann Þórðarson endurskoðandi hjá Endurskoðunarstofunni Áliti. Jóhann var á fundinum í gegnum Teams, undir lið 1 á dagskránni.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkominn, óskaði eftir öðrum málum á dagskrá og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Tvö mál bárust og var samþykkt að taka þau á dagskrá undir liðnum önnur mál.

Þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu

1. 2101001 - Ársreikningur Reykhólahrepps og stofnanna 2020, fyrri umræða.

Lagður er fram ársreikningur Reykhólahrepps fyrir árið 2020 til fyrri umræðu. Jóhann Þórðarson hjá Endurskoðunarstofunni Áliti fór yfir helstu niðurstöður ársreikningsins.

*Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 668 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 496,8 millj. kr.*

*Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt ársreikningi A og B hluta var jákvæð um 28,2 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 34 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi.*

*Heildareignir sveitarfélagsins námu 675,9 millj. kr. og heildarskuldir 198,2 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 477,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 375,1 millj. kr.*

*Samþykkt að vísa ársreikningi til síðari umræðu. Samþykkt samhljóða.*

Jóhanni er þökkuð yfirferðin.

**2. 2105001 - Tilboð í fasteignina Hellisbraut 38.**

ÁHH vísar af fundi undir þessum lið.

*Lagt er fram kauptilboð í fasteignina Hellisbraut 38. 14,28 millj. Sveitarstjóra falið að gera gagntilboð til aðila. Samþykkt samhljóða.*

ÁHH kemur aftur inn á fund.

**Önnur mál :**

**3. Launataxti vinnuskóla.**

Lagður er fram launataxti fyrir vinnuskólann sumarið 2021.

*Sveitarstjórn samþykkir launataxta samhljóða.*

**4. Erindi frá Dofra Hermannssyni dags. 18. apríl 2021.**

*Sveitarstjóra falið að ræða við Dofra miðað við umræðu sem átti sér stað á fundinum.*

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16:50
